

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Hvalfjarðarsveit.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Svarfhólsskógi (austurhluti - eignarlóðir).

Breytingin felur í sér breytingu á nýtingarhlutfalli sem verður að hámarki 0,03 en þó þannig að samanlagður byggður flötur verði að hámarki 185 m². Reisa má 3 stök hús á hverri lóð, auk aðal-
húss má byggja gestahús eða bílskúr og geymsluhús.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 18. október 2010,

Skúli Lýðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 19. október 2010